

Nr. 2/1999.

Miðvikudaginn 31. mars 1999.

**Blaðamannafélag Íslands f.h.
félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.**Samtaka iðnaðarins vegna****Frjálsrar fjölmiðlunar hf.**

(Ragnar Árnason hdl.)

Kjarasamningur. Vaktavinna. Yfirvinna. Laun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 24. mars sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Erla Jónsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, Reykjavík f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV, Þverholti 11, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Samtaka iðnaðarins, kt. 511093-2019, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Frjálsrar fjölmiðlunar hf., kt. 550282-0469, Þverholti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að dæmt verði að tímakaup yfirvinnu blaðamanna sem starfi eftir vaktavinnufyrirkomulagi hjá dagblaðinu DV skuli reiknað af þeim mánaðarlaunum blaðamanna sem saman standi af grunnlaunum og vaktaálagi.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Málsaðilar gerðu með sér kjarasamning dags. 12. apríl 1997 með gildistíma til 1. nóvember 2000. Kjarasamningur þessi tók til allra

blaðamanna sem starfa hjá Frjálsri fjölmiðlun hf. sem gefur út DV. Í kjarasamningnum eru eftirfarandi ákvæði í II. kafla samningsins sem fjalla um vinnutíma:

„2.2.1. *Vaktavinna.*

Heimilt er að taka upp reglubundna vaktavinnu, samkvæmt samkomulagi aðila á hverjum vinnustað og skal gerður samningur þar að lútandi við hvern vinnuhóp svo sem ljósmyndara, íþróttafréttamenn og blaðamenn á innlendum og erlendum fréttadeildum.

.....

2.3. *Vaktaálag.*

2.3.1. *Fastir starfsmenn.*

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi skv. grein 2.1.1. skal greiða vaktaálag 20% á grunnlaun.

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi samkvæmt grein 2.2.3. skal greiða vaktaálag 27% á grunnlaun, enda sé unnin önnur hver helgi.

.....

2.4. *Yfirvinna.*

Yfirvinna skal greidd með tímakaupi sem samsvarar 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.“

Framangreind ákvæði hafi fyrst komið inn í kjarasamninga stefnanda á árinu 1992 og sé fyrirmynd þeirra að finna í kjarasamningum Félags bókagerðarmanna og þar áður Hins íslenska prentarafélags. Það muni alltaf hafa verið skilningur stefnanda að túlka bæri ákvæði þessi þannig, að tímakaup yfirvinnu í vaktavinnu bæri að reikna á grundvelli grunnlauna og vaktaálags. Þannig muni Félag bókagerðarmanna og viðsemjendur þeirra hafa skilið sambærileg ákvæði og reyndar aðrir viðsemjendur stefnanda en Frjáls fjölmiðlun hf. Að sögn stefnanda hafi í lok síðasta árs komið í ljós, að blaðamönnum sem vinni vaktavinnu hjá DV hafi ekki verið greidd rétt reiknuð yfirvinnulaun samkvæmt túlkun stefnanda á gildandi kjarasamningi. Þetta hafi komið í ljós þegar Samtök iðnaðarins tóku í fyrsta skipti saman töflu vegna fyrirhugaðrar launahækkunar þann 1. janúar sl., þar sem vaktavinnuálag sé m.a. reiknað inn í mánaðarlaun þeirra sem vinna vaktavinnu og tímakaup þeirra sömu í yfirvinnu. Frekari athugun málsins hafi leitt í ljós, að Frjáls fjölmiðlun hf. hafði aldrei greitt blaðamönnum sem unnið hafi vakta-

vinnu á DV, tímakaup yfirvinnu á grundvelli vaktaálags. Stefnandi hafi mótmælt þessu strax og krafðist leiðréttinga. Stefndi bendir hins vegar á að yfirvinnukaup hafi alla tíð verið reiknað með sama hætti, þ.e. af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Eigi það bæði við um tímabilið fyrir 1992 sem og eftir þann tíma. Stefndi hafi ekki fallist á kröfu stefnanda og þess vegna sé mál þetta nú höfðað af stefnanda til þess að fá úr því skorið hvort skilningur hans á viðeigandi kjarasamningsákvæðum sé réttur.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi máls þessa, Blaðamannafélag Íslands, kveðst stefna máli þessu fyrir Félagsdóm fyrir hönd allra félagsmanna sinna sem starfi hjá dagblaðinu DV og vinni þar vaktavinnu. Aðild þessi sé byggð á ákvæðum 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Aðild stefnda sé byggð á sömu lagaákvæðum, þ.e. Vinnuveitendasambandi Íslands sé stefnt fyrir hönd Samtaka iðnaðarins vegna Frjálsrar fjölmiðlunar hf. Frjáls fjölmiðlun hf. eigi og reki dagblaðið DV og sé félagi í Samtökum iðnaðarins en þau samtök séu aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands sem hafi séð um samningsgerð fyrir Samtök iðnaðarins þegar síðasti kjarasamningur málsaðila frá 12. apríl 1997 hafi verið gerður. Í máli þessu reyni á túlkun ákvæða II. kafla þess samnings.

Stefnandi kveðst byggja málsástæður sínar fyrst og fremst á kafla II. í kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1997. Kafla þessi fjalli um vinnutíma og þau ákvæði sem eigi fyrst og fremst við séu ákvæði í greinum 2.2.1., 2.3.1. og 2.4. sem birt séu orðrétt hér að framan. Samkvæmt kafla þessum sé heimilt að semja um vaktavinnufyrirkomulag, þ.e. reglubundna vaktavinnu samkvæmt grein 2.2.1., með nánari útfærslu samkvæmt 2.2.2. og síðan helgarvaktir samkvæmt grein 2.2.3. Sé unnið samkvæmt þessu fyrirkomulagi skuli greiða vaktaálag sem sé almennt 20%, en 27% ef um helgarvaktir sé að ræða. Samkvæmt grein 2.4. skuli reikna tímakaup yfirvinnu þannig, að það samsvari 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Stefnandi telji að ákvæði þetta hljóti að skiljast svo, að tímavinnuprósentu yfirvinnu sé reiknuð af mánaðarlaunum með vaktavinnuálagi því mánaðarlaun vaktavinnufólks samanstandi af grunnlaunum og vaktaálagi sem sameiginlega myndi mánaðarlaun vaktavinnufólks. Föst laun vaktavinnufólks, þ.e. laun með vaktaálagi, verði að skilgreina sem daglaun þeirra til aðgreiningar frá

launum sem unnin séu í yfirvinnu. Útilokað sé að skilja ákvæðið þannig að vaktavinnufólk eigi að lækka hlutfallslega í launum, sé yfirvinna unnin umfram reglulega vaktavinnu.

Stefnandi kveðst byggja á því, að það hafi verið sameiginlegur skilningur hans og stefnda, þegar umdeild ákvæði hafi fyrst komið inn í kjarasamning stefnanda og stefnda á árinu 1992, að túlka ákvæðin á sama hátt og stefnandi geri nú í þessu máli. Í þessu sambandi er m.a. bent á framlagðan útreikning Samtaka iðnaðarins, þar sem skýrt komi fram að þeir hafi talið sér skylt að reikna yfirvinnu í samræmi við túlkun stefnanda. Ljóst sé jafnframt, að Morgunblaðið telji sér skylt að greiða blaðamönnum sínum í samræmi við kröfu-gerð og túlkun stefnanda og hafi gert svo alla tíð athugasemdalaust frá samningnum 1992. Sama sé að segja um vinnuveitendur prentara í Félagi bókagerðarmanna. Í kjarasamningum prentara hafi lengi verið sambærileg ákvæði og t.d. muni Frjáls fjölmiðlun hf. meira að segja alltaf hafa greitt prenturum sínum á þann hátt sem stefnandi gerir nú kröfu um. Í raun telji stefnandi að fullyrða megji að allir þeir, sem komi að sambærilegum ákvæðum í kjarasamningum, túlki ákvæðin á sama hátt, þ.e. eins og stefnandi, með þeirri einu undantekningu sem sé Frjáls fjölmiðlun hf., en þó einungis gagnvart blaðamönnum hjá DV, að því er virðist.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að samkvæmt skýrum ákvæðum gr. 2.4. í kjarasamningi VSÍ og Blaðamannafélags Íslands beri að reikna yfirvinnukaup af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Vaktaálag vegna vinnu utan dagvinnutímabils geti því ekki myndað grunn við útreikning yfirvinnu. Málsástæður stefnanda lúti ekki að túlkun á kjarasamningsákvæðunum sjálfum heldur byggir stefnandi eingöngu á rangri launatöflu frá Samtökum iðnaðarins, framkvæmd yfirvinnugreiðslna hjá Morgunblaðinu og því að bókagerðarmenn njóti almennt þeirra hlunninda sem stefnandi krefst nú í máli þessu. Stefndi byggir hins vegar á því að við túlkun kjarasamnings skuli fyrst og fremst byggt á samningstextanum sjálfum. Því er hafnað að framkvæmd kjarasamnings hjá einu fyrirtæki geti verið bindandi fyrir önnur fyrirtæki. Einnig er mótmælt tilvísun í kjarasamning bókagerðarmanna, enda geti sá kjarasamningur ekki verið grundvöllur kröfu í máli blaðamanna.

Kjarasamningur VSÍ og Blaðamannafélagsins.

Það sé mat stefnanda að allt frá því að vaktavinnuákvæðum kjarasamnings blaðamanna hafi verið breytt árið 1992 hafi stefnda borið að greiða vaktaálag á yfirvinnukaup. Um breytingu á framkvæmd hafi verið að ræða. Þessum skilningi stefnanda sé alfarið hafnað enda hafi yfirvinnuákvæðum kjarasamningsins ekki verið breytt á árinu 1992. Þau hafi staðið efnislega óbreytt síðustu áratugi. Það sé því rangt sem segi í stefnu að núgildandi ákvæði um yfirvinnukaup hafi fyrst komið inn í kjarasamning blaðamanna á árinu 1992. Í kjarasamningi blaðamanna sem í gildi var á árinu 1988 hljóðaði ákvæðið svo:

„Eftirvinna skal greidd með 85% álagi á dagvinnukaup (sem fundið er með því að deila 160 í samningsbundið mánaðarkaup dagvinnu). Eftirvinnukaup finnst með því að margfalda mánaðarlaun með 0.0115625.“

Þetta ákvæði um greiðslu yfirvinnukaups hafi verið tekið orðrétt upp í kjarasamninginn 1992. Með því hafi verið staðfest að ekki stæði til að breyta fyrirkomulagi yfirvinnugreiðslna. Það sé almenn regla í kjarasamningum að yfirvinnukaup sé reiknað af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu án vaktaálags, enda sé vaktaálag greitt vegna vinnuskyldu utan dagvinnutímabils. Kjarasamningur blaðamanna sé byggður upp með hefðbundnum hætti og hvergi í samningnum sé að finna ákvæði sem stutt geti kröfur stefnanda.

Í grein 2.2. í gildandi kjarasamningi VSÍ og Blaðamannafélags Íslands segir:

„Blaðamenn skili umsaminni dagvinnu á tímabilinu 08:00–18:00 hvern dag frá mánudegi til föstudags. Vinna utan þess tíma telst ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum þessa samnings. Reglubundin vinna á laugardögum og sunnudögum telst ávallt yfirvinna og heill vinnudagur, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum þessa samnings“.

Ljóst sé af þessu ákvæði að gerður sé greinarmunur á dagvinnutímabili annars vegar og yfirvinnutímabili hins vegar. Almennt sé gert ráð fyrir að greidd sé yfirvinna þegar unnið sé utan dagvinnutímabils. Þetta eigi þó ekki við ef unnið sé samkvæmt vaktavinnuákvæðum samningsins. Gildi þá sérreglur um greiðslu vegna vinnu á yfirvinnutímabili.

Samkvæmt gr. 2.2.1. í gildandi kjarasamningi blaðamanna sé

heimilt að taka upp reglubundna vaktavinnu. Séu þá gengnar kvöldvaktir, næturvaktir, morgunvaktir og jafnvel helgarvaktir. Í stað þess að greiða yfirvinnukaup vegna vinnu utan tímabilsins 08:00 -18:00 sé greitt vaktaálag. Í stað þess að greiða vaktaálag sérstaklega fyrir þær vinnustundir sem að falla utan hefðbundins dagvinnutímabils, eins og gert hafi verið fyrir gildistöku kjarasamningsins frá 8. maí 1992, sé greitt jafnaðarvaktaálag á allar þær stundir sem unnar séu í hinni reglubundnu vaktavinnu. Með því sé vaktaálaginu vegna vinnu utan dagvinnutímabils dreift á unnar vakta-vinnustundir. Sé það fyrst og fremst gert í hagræðingarskygni. Í raun sé þarna um að ræða álag vegna kvöld-, nætur- og helgarvinnu sem komi í stað yfirvinnuálags.

Telja verði að ákvæði kjarasamnings blaðamanna um greiðslu yfirvinnu séu skýr og afdráttarlaus. Yfirvinna sé reiknuð af mánaðar-launum fyrir dagvinnu og komi vaktaálag þar ekki til viðbótar. Ákvæði kjarasamningsins um dagvinnutímabil, yfirvinnutímabil og vaktavinnu styrki þá niðurstöðu. Krafa stefnanda feli í sér að greiða ætti yfirvinnukaup af launum sem greidd séu vegna vinnu á yfirvinnutímabili. Þar með væri í raun verið að greiða yfirvinnukaup á yfirvinnukaup. Á það geti stefndi ekki fallist.

Aðgerðarleysi stefnanda.

Krafa stefnanda, eins og hún sé sett fram í stefnu, komi fyrst fram með bréfi lögmanns stefnanda dags. 30. desember 1998, eða sex og hálfu ári eftir að ný vaktaákvæði tóku gildi. Fjöldi blaðamanna hafði á þeim tíma unnið á vöktum hjá stefnda án þess að nokkur ágreiningur væri um launakjör eða útreikning yfirvinnu. Vakin er athygli á því að stefnandi höfðar mál þetta fyrir hönd félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV. Þess er krafist að yfirvinnukaup blaðamanna hjá DV sem vinna vaktavinnu skuli reiknað með tilteknum hætti. Af þessum sökum reynir meira á aðgerðarleysisáhrif en ella, bæði aðgerðarleysi félagsins sem og starfsmanna. Umræddum starfsmönnum hafi verið fullkunnugt um afstöðu félags síns, Blaðamannafélags Íslands, enda hafi félagið sett fram einhliða tülkun á kjarasamningnum 1992 í fréttabréfi sínu í júní 1992. Þrátt fyrir það hafi starfsmenn eða félag þeirra aldrei haft uppi kröfur, hvorki þegar starfsmönnum hafi verið ræðað inn á vaktir samkvæmt nýjum kjarasamningi á árinu 1992 né eftir það.

Framkvæmd kjarasamninga hjá Morgunblaðinu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá starfsmannahaldi Morgunblaðsins hafi Morgunblaðið greitt blaðamönnum í vaktavinnu vaktaálag á yfirvinnukaup. Ekki verði séð að framkvæmd samnings í einu fyrirtæki geti leitt til breytinga á kjarasamningi eða að hann verði upp frá því túlkaður með öðrum hætti en orðalag gefi til kynna. Engu máli skipti þótt eitt fyrirtæki hafi kosið að yfirborga sína starfsmenn með þeim hætti að yfirvinnukaup reiknist af dagvinnulaunum með vaktaálagi. Framkvæmd samnings hjá Morgunblaðinu sé á engan hátt skuldbindandi fyrir Frjálsa fjölmiðlun hf.

Kjarasamningur bókagerðarmanna.

Það sé rangt þar sem segi í stefnu að vaktavinnusamningur blaðamanna hafi átt sér fyrirmynd í kjarasamningi bókagerðarmanna. Þessu sé öfugt farið. Vaktaákvæðum bókagerðarmanna hafi verið breytt í heild sinni með kjarasamningi dags. 25. maí 1993. Hafi þá vaktavinnusamningur blaðamanna verið hafður til hliðsjónar. Á árinu 1992, þegar vaktavinnusamningur blaðamanna var gerður, hafi það verið ótvíræð samningsskylda samkvæmt kjarasamningi bókagerðarmanna að greiða vaktaálag á yfirvinnu þegar unnið var umfram kvöldvakt, sbr. gr. 3. másl. 5. mgr. gr. 1.2. í þeim samningi:

„Öll vinna umfram kvöldvakt greiðist sem aukavinna með tilsvarendi prósentuálagi“

Samsvarandi ákvæði hafi ekki verið tekið upp í kjarasamning blaðamanna sem gerður var árið 1992. Stefnandi geti því ekki byggt kröfur sínar á þeim vaktavinnuákvæðum í kjarasamningi bókagerðarmanna sem í gildi voru á árinu 1992, enda ekki um sambærileg ákvæði að ræða.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um reikningsgrundvöll yfirvinnu í þeim tilvikum þegar starfað er eftir vaktavinnufyrirkomulagi, sbr. grein 2.4. í gildandi kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1997. Með þeim kjarasamningi voru allir síðastgildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 1. nóvember árið 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í kjarasamningnum fólust.

Með kjarasamningi aðila frá 7. maí 1992 var samið um að heimilt væri að taka upp „...reglubundna vaktavinnu, samkvæmt samkomulagi aðila á hverjum vinnustað...“, sbr. grein 2.2.1. í núgildandi kjarasamningi. Nánar er tekið fram um tilhögun vakta í greinum

2.2.2. og 2.2.3. í kjarasamningnum bæði á virkum dögum og um helgar.

Um greiðslu vaktaálags til fastra starfsmanna segir svo í grein 2.3.1. í gildandi kjarasamningi:

„Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi skv. grein 2.2.1. skal greiða vaktaálag 20% á grunnlaun.

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi samkvæmt grein 2.2.3. skal greiða vaktaálag 27% á grunnlaun, enda sé unnin önnur hver helgi.“

Um greiðslur fyrir yfirvinnu er fjallað í grein 2.4. í kjarasamningnum. Er greinin svohljóðandi:

„Yfirvinna skal greidd með tímakaupi sem samsvarar 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.“

Nánar tiltekið snýst ágreiningur máls þessa um það af hvaða fjárhæð beri að reikna tímakaup fyrir yfirvinnu samkvæmt síðastgreindu samningsákvæði þegar um vaktavinnufyrirkomulag er að ræða. Telur stefnandi að í þeim efnum beri að miða við grunnlaun að viðbættu fyrrgreindu vaktaálagi og þannig beri að túlka orðalagið samningsbundin mánaðarlaun fyrir dagvinnu í þessu ákvæði kjarasamningsins. Byggir stefnandi einkum á því að sameiginlegur skilningur hafi verið um þessa túlkun, þegar ákvæðin voru tekin upp í kjarasamningi aðila árið 1992. Sambærileg ákvæði í kjarasamningi bókkagerðarmanna hafi verið túlkuð með sama hætti svo og sömu ákvæði í kjarasamningi málsaðila að því er Morgunblaðið snertir. Þá hafi útreikningur launatöflu, sem sendur var út í nafni Samtaka iðnaðarins í desember 1998, byggst á sama skilningi. Af hálfu stefnda er sýknukrafan fyrst og fremst byggð á því að samkvæmt skýrum ákvæðum greinar 2.4. í kjarasamningnum geti vaktaálag ekki fallið undir hugtakið samningsbundin mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Því er hafnað af hálfu stefnda að framkvæmd kjarasamningsins hjá öðru fyrirtæki og ákvæði í kjarasamningi annarra aðila hafi þýðingu í málinu.

Samkvæmt framansögðu veltur úrlausn málsins á því hvort túlka beri grein 2.4. í kjarasamningi aðila svo að yfirvinna reiknist eingöngu af mánaðarkaupi samkvæmt launatöxtum (grunnlaunum) eða þeim launum að viðbættu vaktaálagi.

Eins og fram hefur komið var gerð grundvallarbreyting á ákvæðum kjarasamnings aðila um vinnutíma með kjarasamningi 7. maí

1992, þ. á m. tekin upp til viðbótar dagvinnufyrirkomulagi ákvæði um reglubundna vaktavinnu, sem ekki var áður til að dreifa, og mælt fyrir um kvöld-, morgun-, nætur- og millivaktir svo og helgarvaktir. Áður gildi dagvinnufyrirkomulag og var greitt vaktaálag (36%) á þann hluta af umsömdum vinnustundafjölda sem féll utan tilgreinds dagvinnutímabils (kl. 08:00–20:00). Auk ákvæða um vaktavinnufyrirkomulag var ákvæðum um vaktaálag breytt og svo um samið að sé unnið eftir slíku fyrirkomulagi skuli greitt vaktaálag 20% eða eftir atvikum 27% á grunnlaun, sbr. grein 2.3.1. í kjarasamningnum.

Samkvæmt grein 2.1. í kjarasamningi aðila skal vinnutími vera 40 klst. á viku. Í grein 2.2. er tekið fram að blaðamenn skuli skila umsaminni dagvinnu á tímabilinu 08:00–18:00 hvern dag frá mánudegi til föstudags. Vinna utan þess tímabils teljist ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum kjarasamningsins. Reglubundin vinna á laugardögum og sunnudögum teljist ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum samningsins.

Ljóst er að vaktavinnutímabil samkvæmt grein 2.2.2. í kjarasamningnum getur tekið til alls sólarhringsins og þar með fallið að verulegu leyti utan venjulegs dagvinnutímabils eins og það er skilgreint í grein 2.2. Einsýnt þykir að álagsgreiðslum þeim, sem um ræðir í grein 2.3.1., sé ætlað að mæta því óhagræði og óþægindum sem hljótist af afbrigðilegum vinnutíma samkvæmt vaktafyrirkomulaginu. Í gr. 2.3.1. er tekið fram að vaktaálag greiðist á grunnlaun, en samkvæmt gr. 2.4. skal yfirvinna reiknast af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Samkvæmt því orðalagi verður að telja að hugtakið laun í gr. 2.4. sé víðtækara en hugtakið grunnlaun í gr. 2.3.1. Þegar þetta er virt og jafnframt horft til þess að um er að ræða jafnaðarálag, sem reiknast að fullu á grunnlaun, svo og þegar umrædd vaktavinnuákvæði eru borin saman við það fyrirkomulag, sem þau leystu af hólmi, standa rök til þess að skýra ákvæði kjarasamnings aðila svo að yfirvinna reiknist af grunnlaunum að viðbættu vaktaálagi.

Aðgerðarleysi stefnanda hefur ekki þýðingu varðandi túlkun þessara ákvæða í kjarasamningi aðila.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda til greina. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Tímakaup yfirvinnu blaðamanna sem starfa eftir vaktavinnufyrirkomulagi hjá dagblaðinu DV skal reiknað af mánaðarlaunum sem samanstanda af grunnlaunum og vaktaálagi.
